

**Deloitte.**



**Fjármálastjórakönnun Deloitte**

Vor 2018

# Fjármálastjórakönnun Deloitte | Vor 2018

## Bjartsýni fjármálastjóra minnkar

Meðfylgjandi eru niðurstöður úr fjármálastjórakönnun Deloitte. Könnunin er gerð tvisvar á ári og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins.

Þetta er í níunda sinn sem könnunin er framkvæmd hér á landi en hún er í fyrsta skipti unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte á EMEA svæðinu (Europe, Middle East and Africa). Niðurstöður endurspeglar því skoðanir fjármálastjóra á Íslandi í samanburði við fjármálastjóra í 20 EMEA löndum, þar sem við á.

Rafrænn spurningalisti var sendur til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins í mars síðastliðnum og viljum við þakka þeim kærlega fyrir þátttökuna.



### Staða og horfur

- Dregið hefur úr bjartsýni fjármálastjóra á Íslandi en um 51% telja að EBITDA muni aukast á næstu 12 mánuðum, samanborið við 62% síðastliðið vor. Almennu telja fjármálastjórar hérlendis að fjárhagsleg og efnahagsleg óvissa sé eðlileg (62%) á meðan 28% eru á þeirri skoðun að hún sé mikil.
- Á komandi ári mun meirihluti (73%) leggja áherslu á hagræðingu í rekstrarkostnaði.
- Einungis 1 af hverjum 5 fjármálastjórum hérlendis telja nú vera réttan tíma til að auka áhættu í efnahagsreikningi.



### Fjármögnun og fjárfestingar

- Mikill meirihluti fjármálastjóra (71%) stefnir á að halda skuldsetningu óbreyttri eða draga nokkuð úr henni á næstu 12 mánuðum.
- Af þeim fjármögnunarleiðum sem spurt er um meta flestir fjármálastjórar hérlendis innri fjármögnun hagkvæma en lántöku óhagkvæma. Fjármálastjórar innan EMEA telja lántöku hjá bönkum hagkvæma en útgáfu hlutafjár óhagkvæmasta valkostinn.
- Um 85% fjármálastjóra segjast engar fyrirætlanir hafa um erlendar fjárfestingar eða lántökur.



### Markaður og efnahagur

- Minni bjartsýni gætir til hagvaxtar á Íslandi. Aðeins um fimmtungur telur að hagvöxtur muni aukast á næstu tveimur árum.
- Gengisþróun krónunnar heldur áfram að vera stærsti ytri áhættuþáttur fyrirtækja og telur meirihluti fjármálastjóra að gengi íslensku krónunnar muni haldast óbreytt eða veikjast nokkuð á næstu sex mánuðum.
- Fjármálastjórar telja flestir að hlutabréfaverð á markaði (OMX18) muni haldast óbreytt eða hækka nokkuð.



### Óvissa og áhætta

- Meirihluti íslenskra fjármálastjóra metur að sú fjárhagslega og efnahagslega óvissa sem fyrirtæki þeirra stendur frammi fyrir sé eðlileg (62%) á meðan meirihluti fjármálastjóra á EMEA svæðinu (52%) telur að óvissan sé mikil.
- Á sama tíma telja 34% fjármálastjóra innan EMEA að nú sé góður tími til þess að auka áhættu í efnahagsreikningi félagsins, samanborið við aðeins 19% íslenskra fjármálastjóra.
- Íslenskir fjármálastjórar eru á meðal þriggja neikvæðustu landa (81%) í niðurstöðum EMEA svæðis þegar kemur að áhættutöku.

Á heimasíðu Deloitte má sjá upplýsingar um þjónustuframboð Fjármálaráðgjafar Deloitte, [www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)  
Hægt er að nálgast könnunina á heimasíðu Deloitte, [www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)


## Þátttakendur könnunar

### Velta og atvinnugreinar

- Þátttakendur könnunar eru fjármálastjórar íslenskra fyrirtækja. Rúmlega helmingur þátttakenda starfar hjá fyrirtækjum með veltu yfir 5 ma.kr. á ári.
- Flest svör fengust frá fjármálastjórum fyrirtækja sem starfa í verslun og þjónustu, sjávarútvegi og fjármála- og tryggingastarfsemi.
- Könnunin er unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte í Evrópu (EMEA). Niðurstöður endurspeglar þannig skoðanir fjármálastjóra á Íslandi í samanburði við fjármálastjóra í 20 EMEA löndum þar sem við á.
- Meðaltal niðurstaðna EMEA landa er vegið eftir landsframleiðslu hvers lands.
- Löndin í EMEA hópnum eru Austurríki, Belgía, Sviss, Þýskaland, Danmörk, Spánn, Finnland, Frakkland, Grikkland, Írland, Ísland, Ítalía, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Rússland, Svíþjóð, Tyrkland og Bretland.


### Hver var velta þíns fyrirtækis á síðasta ári?

Mengi svarenda á Íslandi



### Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?

Mengi svarenda á Íslandi




## Væntingar til næsta árs


### Væntingar til reksturs

- Dregið hefur úr bjartsýni fjármálastjóra gagnvart aukningu tekna og EBITDA á næstu 12 mánuðum borið saman við vor 2017. Bjartsýni fjármálastjóra á EMEA svæðinu fer einnig dvínandi.
- Fjármálastjórar sem telja að EBITDA muni aukast á næsta ári (51%) eru fleiri en þeir sem telja að hún muni dragast saman (21%). Íslenskir fjármálastjórar eru hlutfallslega fleiri jákvæðir varðandi þróun EBITDA en fjármálastjórar á EMEA svæðinu (45%).
- Mesta bjartsýnin gagnvart aukningu tekna ríkir í Þýskalandi, Finnlandi, Frakklandi og Svíþjóð þar sem yfir 80% fjármálastjóra telja að tekjur muni aukast. Lægsta hlutfallið er í Bretlandi, eða um 50%.
- Í takt við þær niðurstöður eru að sama skapi flestir sem gera ráð fyrir samdrætti EBITDA í Bretlandi eða um 49%.
- Á Norðurlöndunum eru Finnar bjartsýnastir á tekjuaukningu (84%). Hið sama má segja um EBITDA en þar telja 76% finnskra fjármálastjóra að hún muni aukast.

### Hvernig telur þú að tekjur í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



### Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




## Ráðningar og fjárfestingar


### Ráðningar og fjárfestingar

- Rúmlega helmingur fjármálastjóra telur að ráðningar nýrra starfsmanna muni haldast óbreytt á næstu 12 mánuðum. Borið saman við vor 2017 þá telja fleiri fjármálastjórar að draga muni lítillega úr ráðningum nýrra starfsmanna auk þess sem færri telja að þeir muni fjölga starfsmönnum. Það sama gildir um fjármálastjóra innan EMEA landa en fjármálastjórar 11 af 20 löndum í könnuninni telja skort á faglærðu vinnuafli á meðal þriggja stærstu áhættuþátta í rekstri fyrirtækja þeirra.
- Hlutfall íslenskra fjármálastjóra sem telja að fjárfestingar muni haldast óbreyttar er hið sama og hlutfall þeirra sem telja að þær muni aukast, eða um 34%. Þá eru 32% sem telja að fjárfestingar muni minnka á næstu 12 mánuðum.
- Ef borið er saman við EMEA niðurstöður þá má sjá að fjármálastjórar þar telja líklegra að fyrirtæki þeirra muni auka fjárfestingar á meðan íslensku félögin telja líklegra að þau ráði fleira starfsfólk.

### Hvernig telur þú að ráðning nýrra starfsmanna í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



### Hvernig telur þú að fjárfestingar í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




## Fjárhagsleg áhætta


### Fjárhagsleg áhætta

- Almennt (62%) telja fjármálastjórar á Íslandi fjárhagslega og efnahagslega áhættu eðlilega. Fjárhagsleg áhætta getur m.a. tekið til skuldsetningar, óvissu, verðmats eigna og vaxtastigs.
- Um 52% meta fjárhagslega og efnahagslega áhættu mikla í EMEA löndum eða um 24% fleiri en á Íslandi. Hlutfall fjármálastjóra í löndum utan ESB sem mátu óvissuna mikla fór hækkandi frá síðustu könnun á meðan hlutfallið lækkaði fyrir lönd utan ESB.
- Tæplega fimmtungur fjármálastjóra á Íslandi telja að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi en hlutfallið var hið sama fyrir ári síðan.
- Á Norðurlöndunum eru Finnar jákvæðastir fyrir því að auka áhættu í efnahagsreikningi (64%) á meðan hlutfallið er 34%-37% á hinum Norðurlöndunum.
- Um 75% nefna gengisþróun krónunnar sem einn af helstu ytri áhættuþáttum og heldur gengisþróun áfram að vera stærsti einstaki ytri áhættuþáttur í rekstri fyrirtækja að mati fjármálastjóra á Íslandi.
- Í EMEA löndum hafa fjármálastjórar einna helst áhyggjur af skorti á faglærðu vinnuafli. Um 55% svarenda nefndu það sem einn af þremur stærstu áhættuþáttum í rekstri fyrirtækja.


### Hvernig metur þú fjárhagslega og efnahagslega óvissu sem fyrirtæki þitt stendur frammi fyrir?



### Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi?



### Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?\*



\* Merkja mátti við fleiri en einn valkost. Svarmöguleikinn „Möguleg óvissa tengd stjórnámálum“ var ekki á meðal svarmöguleika könnunar á vori 2017.


■ Ísland vor 2017  
■ Ísland vor 2018

## Horfur og áherslur


### Horfur og og áherslur

- Færri íslenskir fjármálastjórar en áður telja fjárhagslegar horfur hafa breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum eða um 11%, samanborið við 30% síðastliðið vor.
- Borið saman við Ísland þá eru fjármálastjórar frá EMEA löndum talsvert jákvæðari gagnvart fjárhagslegum horfum en 37% telja þær hafa batnað nokkuð eða verulega á síðustu þremur mánuðum.
- Í EMEA löndum dregst saman hlutfall þeirra sem telja horfur hafa batnað þó án þess að hlutfall þeirra sem telja þær hafa versnað sé að aukast. Bendir þetta til þess að fjármálastjórar telji að ástand sé að nálgast eðlilega horfur í rekstri fremur en að þeir séu að verða svartsýnni.
- Þess má geta að einu löndin sem telja að fjárhagslegar horfur hafi versnað frekar en batnað eru Ísland og Bretland.
- Á Íslandi stefna flest fyrirtæki á að lækka kostnað og stækka með innri vexti. Áherslur eru svipaðar og á fyrri árum en hlutfall fjármálastjóra með áherslur á aukinn innri vöxt minnkaði um 16% á milli ára auk þess sem færri leggja áherslu á fjárfestingar.

### Telur þú fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis hafa breyst á síðustu þremur mánuðum?



### Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum?\*



\* Merkja mátti við fleiri en einn valkost. Svarmöguleikarnir "Fara inn á nýja markaði" og "Auka rekstrarkostnað" voru ekki á meðal svarmöguleika 2017


■ Ísland vor 2017  
■ Ísland vor 2018

## Fjármögnun


### Fjármögnun fyrirtækja

- Um 37% íslenskra fjármálastjóra telja lántöku hjá bönkum hagkvæma á meðan 25% telja hana óhagkvæma. Mun fleiri fjármálastjórar meta þessa leið hagkvæma í EMEA löndum en á Íslandi.
- Af fjármögnunarleiðunum fjórum sem spurt var um í könnun þessari var innri fjármögnun álitin hagkvæmasta fjármögnunarleiðin af fjármálastjórum hérlendis. Í EMEA löndum var lántaka hjá bönkum álitin hagkvæmst.
- Einungis 23% íslenskra fjármálastjóra telja útgáfu skuldabréfa hagkvæma og enn færri (13%) telja útgáfu hlutafjár hagkvæma.
- Fjármálastjórar innan EMEA landa meta lántöku hjá bönkum, útgáfu skuldabréfa og hlutafjár talsvert hagkvæmari fjármögnunarleiðir en íslenskir fjármálastjórar.


### Hvernig metur þú lántöku hjá bönkum sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis.




### Hvernig metur þú útgáfu skuldabréfa sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis.



### Hvernig metur þú innri fjármögnun sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis.



### Hvernig metur þú útgáfu hlutafjár sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis.







### Fjármögnun fyrirtækja

- Líkt og undanfarin ár telja fjármálastjórar á Íslandi að stýrivextir Seðlabankans séu of háir. Þó virðist sem þetta hlutfall sé að fara lækkandi en síðan í maí 2017 hafa stýrivextir lækkað um 75 punkta, þá síðast um 25 punkta í október.
- Flest íslensk fyrirtæki stefna á að halda skuldsetningu sinni óbreyttri eða draga nokkuð úr henni.
- Borið saman við niðurstöður könnunar fyrir 12 mánuðum síðan má sjá örlitla aukningu í hlutfalli þeirra fjármála-stjóra sem vilja auka skuldsetningu síns fyrirtækis.


### Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa



### Hvert er markmið þitt þegar kemur að skuldsetningu þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?



### Sögulegt hlutfall fjármálastjóra með markmið um að auka skuldsetningu




## Markaðs- og efnahagslegir vísar


### Markaðs- og efnahagslegir vísar

- Íslenskir fjármálastjórar telja flestir að hlutabréfaverð muni haldast óbreytt eða hækka nokkuð á innlendum markaði. Væntingar um hækkanir hafa minnkað síðan síðastliðið vor en 18% færri gera ráð fyrir hækkun á vísitölunni nú.
- Fjármálastjórar eru töluvert minna bjartsýnir á að hagvöxtur muni aukast á Íslandi á næstu tveimur árum en áður.
- Meirihluti fjármálastjóra telur að gengi íslensku krónunnar muni haldast óbreytt á næstu sex mánuðum. Aðeins fleiri telja að gengi krónunnar muni veikjast fremur en styrkjast eða um 26% á móti 23%.


### Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMXI8 vísitöluna eftir sex mánuði?



### Hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum




### Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um gengi íslensku krónunnar á næstu sex mánuðum?




### Markaðs- og efnahagslegir vísar

- Meirihluti fjármálastjóra hérlendis hefur engar áætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum.
- Tæplega fjórðungur íslenskra fjármálastjóra hefur fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna 6 mánuði.
- Samanburður við niðurstöður könnunar sem framkvæmd var fyrir 12 mánuðum síðan bendir til þess að fjármálastjórar hérlendis finni minna fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis en áður.

### Hefur fyrirtækið þitt uppi áætlanir um nýjar fjárfestingar erlendis eða lántöku frá erlendum aðilum á næstu 12 mánuðum?




### Hefur fyrirtækið þitt fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna 6 mánuði?




# Viðauki: Alþjóðlegt umhverfi


**Hverjar telur þú líkurnar á að skuldakrísu hins opinbera innan eins af stærstu hagkerfunum muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?**




**Hvernig metur þú áhrif skuldakrísu hins opinbera innan eins af stærstu hagkerfunum myndi hún eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?**



**Hverjar telur þú líkurnar á að skuldakrísu einkageirans innan eins af stærstu hagkerfunum muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?**




**Hvernig metur þú áhrif skuldakrísu einkageirans innan eins af stærstu hagkerfunum myndi hún eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?**




## Alþjóðlegt umhverfi – Krísa innan Evrópusambandsins og hrun í eignaverði


**Hverjar telur þú líkurnar á að krísa innan Evrópusambandsins muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?**




**Hvernig metur þú áhrif krísu innan Evrópusambandsins, myndi hún eiga sér stað, á fjárhagslegur horfur þíns fyrirtækis?**




**Hverjar telur þú líkurnar á að hrun eignaverðs sem leiðir til fjármálakreppu muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?**




**Hvernig metur þú áhrif hruns í eignaverði sem leiðir til fjármálakreppu, myndi það eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?**




### Hverjar telur þú líkurnar á að erfiðleikar tengdir Brexit muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?




### Hvernig metur þú áhrif erfiðleika tengda Brexit, myndu þeir eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?




### Hverjar telur þú líkurnar á að aukning í verndarstefnu muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?




### Hvernig metur þú áhrif aukningar í verndarstefnu, myndi hún eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?




### Hverjar telur þú líkurnar á að pólítískur órói meðal vestrænna ríkja muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?




### Hvernig metur þú áhrif pólíttískrar óróa meðal vestrænna ríkja, myndi hann eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?



### Hverjar telur þú líkurnar á að vöxtur í pópúlisma muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?




### Hvernig metur þú áhrif vaxtar í pópúlisma, myndi hann eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?







### Hverjar telur þú líkurnar á netárás á stórfyrirtæki eða ríki muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?




### Hvernig metur þú áhrif netárásar á stórfyrirtæki eða ríki, myndi slíkt eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?




### Hverjar telur þú líkurnar á að hryðjuverkaárásir á vestræn ríki muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?




### Hvernig metur þú áhrif hryðjuverkaárása á vestræn ríki, myndi slíkt eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?




**Hverjar telur þú líkurnar á að ótímabært aðhald í peningastefnu muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?**




**Hvernig metur þú áhrif ótímabærs aðhalds í peningastefnu í heimshagkerfinu, myndi slíkt eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?**



**Hverjar telur þú líkurnar á að mikill verðbólguvöxtur meðal vestrænna ríkja muni eiga sér stað í heimshagkerfinu á næstu 12 til 24 mánuðum?**



**Hvernig metur þú áhrif mikils verðbólguvaxtar meðal vestrænna ríkja, myndi slíkt eiga sér stað, á fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis?**



**Ábyrgðarmaður:**

Lovisa A. Finnbjörnsdóttir  
Meðeigandi, Sviðsstjóri Fjármálaráðgjafar

Sími: 770-4942  
lovisa@deloitte.is

**Tengiliður:**

Haraldur I. Birgisson  
Meðeigandi, Forstöðumaður viðskipta- og markaðstengsla

Sími: 822-7570  
hib@deloitte.is

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðipjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 220.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

Höfundaréttarvarið © 2018 Deloitte Global Services Limited / Deloitte ehf.